



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi ný umferðarlög um aðgengi um göngugötur (US200017).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 15. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Nú hafa ný umferðarlög tekið gildi varðandi aðgengi fatlaðra um göngugötur sb. 10. gr. 2019 nr.77 25. júní. Þar segir m.a. að borgaryfirvöldum ber að veita fötluðu fólki aðgengi svo það get sótt í þá þjónustu sem veitt er í göngugötum. Flokkur fólksins spyr hvort borgaryfirvöld vilji ganga enn þá lengra en lagasetningin segir til og veita eldri borgurum sem erfitt eiga með gang og hreyfingar sama aðgengi og fötluðum er veitt í þessum lögum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 29. janúar 2020.

Svar við fyrirspurn:

Þann 1. janúar 2020 tóku gildi ný umferðarlög nr. 77/2019, sem meðal annars fólu í sér að hugtakið „göngugata“ var í fyrsta skipti skilgreint í umferðarlögum. Því miður láðist að svara þessari tilteknu fyrirspurn á þeim tíma. Í 2. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna er umferð vélknúinna ökutækja handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða á göngugötum heimiluð.

Í 87. gr. umferðarlaga er fjallað um stæðiskort fyrir hreyfihamlaða og fjallað er nánar um útgáfu þeirra í reglugerð nr. 1130/2016, um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur jafnframt sett verklagsreglur vegna umsóknar og útgáfu stæðiskorts, dags. 17. febrúar 2020. Í 3. gr. reglugerðarinnar er sett það grunnviðmið fyrir útgáfu stæðiskorts að umsækjandi leggi fram læknisvottorð, þar sem fram komi að sökum hreyfihömlunar sé honum nauðsyn, sem ökumaður eða farþegi í ökutæki, að geta lagt í bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða. Þá er í d. lið 6. gr. verklagsreglanna, sérstaklega fjallað um gildistíma stæðiskorta fyrir eldri borgara.

Það er mat skrifstofunnar að aðgengi þeirra eldri borgara sem eiga erfitt með gang og hreyfingar, sé nægilega tryggt með því að heimila handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða að aka um göngugötur, enda verði að telja líklegt að þeir fullnægi framangreindum skilyrðum fyrir útgáfu stæðiskorts.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri